

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 16. desember 2014
1412012 IE

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Með tölvubréfi dags. 5. desember 2014 óskaði velferðarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, 322. mál, þskj. 393, lþ. 144.

Í greinargerð kemur fram að töluverðar breytingar séu gerðar á gildandi ákvæðum laga um almannatryggingar. Jafnréttisstofa hefur ekki tækifæri eða forsendur til þess að kafa ofan í möguleg áhrif frumvarpsins, verði það að lögum á stöðu kynjanna. Í greinargerðinni kemur fram í 4. kafla athugasemda, að ekki verði séð að frumvarpið hafi bein áhrif á jafnrétti kynjanna, en karlar og konur hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.


Í þessu samhengi vill Jafnréttisstofa benda á að verið getur að ákvæði laganna hafi hins vegar *óbein áhrif* á jafnrétti kynjanna. Í 2. tl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er óbein mismunun skilgreind með eftirfarandi hætti. „Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kæmi verr við einstaklinga af öðru kyninu borði saman við einstaklinga af hinu kyninu nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögumætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar.“

Afar brýnt er að við framkvæmd laganna verði gætt að því að þau leiði hvergi til óbeinnar mismununar á grundvelli kyns. Því er algerlega nauðsynlegt að þess verði gætt mjög vel að allar upplýsingar um framkvæmd laganna og einstakra ákvæða þeirra verði greindar eftir kyni, sbr. 16. gr. jafnréttislaga, þannig að skekkjur, ef um þær væri að ræða, yrðu ljósar sem fyrst þannig að hægt yrði að grípa inn í strax og leiðréttá mismunun þar sem hún kæmi í ljós.

Um ákvæði e. (12. gr.) þar sem fjallað er um stjórn minnir Jafnréttisstofa á 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008, en þar kemur fram að gæta skuli þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír.

Ef frekari upplýsinga er óskað veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elfasdóttir
lögfræðingur